



Starfsskýrsla formanns LSE og framkvæmdastjóra

15. maí 2021

Covid19 faraldurinn hefur haft áhrif á allt félagsstaf skógarbænda á landinu. Stjórn LSE hefur fundað með fjárfundum 8 sinnum það sem af er ári.

Í megin atriðum hafa síðustu misserin snúið að tveimur ólíkum málum. Annars vegar félagskerfi Bændasamtakanna og hins vegar undirbúningur að Kolefnisbrúnni en hún er fyrirtæki í sameiginlegri eigu LSE og BÍ.

Fyrst skal vikið að Kolefnisbrúnni. Miklar vonir eru bundnar við það starf, enda mögulega miklir hagsmunir fyrir bæði skógarbændur sem aðra bændur. Uppi eru ýmis áform og veltur það á undirbúningnum hversu vel Kolefnisbrúin getur þjónað bændum inn í framtíðina. Undirbúningurinn fer svo eftir því fjármagni sem er í boði. Aðdragandinn hefur verið í nokkur ár en viss þáttaskil urðu þegar höfuðstöðvar LSE voru fluttar í bændahöllina, vorið 2018. Þá var umræðan um loftslagsmál orðin hávæð og ákall var eftir aðgerðum. Þegar formaður og framkvæmdastjóri ásamt fulltrúum Skógræktarinnar og þáverandi formanni BÍ áttu samtali síðla vetrar 2020 má segja að hafi orðið straumhvörf í málum Kolefnisbrúarinnar. Nokkru síðar fékkst fjármagnsstyrkur úf Framleiðnisjóði landbúnaðarins og í kjölfarið ráðinn verkefnisstjóri sem sinnti þróuninni áfram ásamt formanni og framkvæmdastjóra. Samband garðmykjubænda og LSE gerðu samning sem kom verkefninu YIKol á þann stað sem það er í dag. Lokaskýrsla þeirrar vinnu er að vænta fyrsta júní.

Aðildarfélag Bændasamtaka Íslands hafa samhent stefnt að sterkari Bændasamtökum. Þar liggja ófá símtöl við stjórnir og nefndir hvaðan æva, sértaklega hjá formanni LSE. Á nýafstöðnu búnaðarþingi virtist sem einhugur sé um þá vegferð sem Bændasamtökin væru í enda sú staða að standa utan við Bændasamtökin varla talinn kostur. Ef LSE samþykkja sameiningu við BÍ og að til yrði til deild skógarbænda, munu ýmsar nýjar gáttir opnast fyrir félagsmenn LSE.

Starfsemi LSE yrði lagt af, hvort sem það yrði bara að nafninu til eða í raun verður ákveðið síðar.

Á síðari hluta síðasta ár lauk teymisvinnu **Skógarfangs** með útgáfu lokaskýrslu sem hefur fengið nafnið „Horft fram á við“.

LSE hefur tryggt sér bás á **landbúnaðarsýningu** sem haldin verður í Laugardalshöll í október á þessu ári. Básinn er á sama stað og árið 2018 og af sömu stærð. Á þeirri þeirri sýningu vakti bás skógarbænda mikla athygli gesta enda frumlegur og margt að skoða. Við stefnum á að gera slíkt aftur en til þess að svo megi verða þarf gott fólk að standa að baki. Hópurinn hefur enn ekki verið myndaður en áhugasamir mega endilega hafa samband við framkvæmdastjóra.

Fulltrúi LSE, Marianna Jóhannsdóttir (FSA), hefur setið í nefnd sem vann **Landsáætlun í skógrækt**. Verkefnið er nú í umsagnarferli og eru allir skógarbændur í öllum sveitum hvattir að skila inn álitum og athugasemdum. Umsagnarfrestur er til 18. júní.

Samstarf var meðal LSE, Skógræktarinnar og Skógræktarfélag Íslands við Háskólann í Reykjavík um skólaverkefni um heimasíðu **jólatrjáa**.

Á árinu sótti framkvæmdastjóri tölvufund með félögum skógarbænda á **Norðurlöndum** og kynnti fyrir þeim áformum um Kolefnisbrúna.

TreProx verkefnið með „fólkið á söginni“ er komið af stað og búið að halda tvo tölvufundi með nemendum.

NÁL hópavinna þar sem fulltrúar LSE ásamt fjölda annarra velti fyrir sér landnýtingu og kolefnismálum svo fátt eitt sé nefnt.

Af frumkvæði Skógræktarinnar (Bjargar Björnsdóttur) var lögð fram **skoðanakönnun** fyrir samningsbundna skógarbændur.

Umhverfisstefna landbúnaðarins hefur verið rædd nokkuð reglulega meðal framkvæmdastjóra aðildarfélaga BÍ.

Landbúnaðarstefna fyrir Ísland. LSE gaf föðurlegt innlegg inn í vinnu Björn Bjarnasonar, Herdísar Sveinsdóttur og fylgdarliðs.

Skrifaðar voru umsagnir um nokkur **þingmál** og skyld mál:

- Umsögn um jarðalög. Einnig komið á fund atvinnuveganefnda.
- Umsögn um Byggðastefnu (BÍ)
- Umsögn um þjóðaráttak í landgræðslu.
- Umsögn um frumvarp um breytingar laga um Mat á umhverfisáhrifum.
- Umsögn um þingsályktunarfrumvarp um uppgræðslu lands og ræktun túna.

Stuðningsyfirlýsingar við ýmis verkefni:

- Stuðningur við tæknivæðingu við grisjun (Ný grisjunarvél til Íslands).
- Hugmynd að skógartengdri byggðapróun í Fljótsdal.
- Endurfjármögnun Skógarafurða.
- Fræbollur til framtíðar.

Í mars sl. var gefið út tímarit LSE, **Við skógareigendur** þar sem þemað var - Kolefnisbinding með skógrækt. Prentuð voru 7000 eintök og sent út á öll lögbýli á landinu. Einnig var gefið út dagatal í samvinnu við Samband gaðrkjubænda í 200 eintökum.